Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 5.4 2018
Tilvísun: 201803-0043 og 44

Efni: Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál og frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 393. mál.

Sameiginleg umsögn er veitt um mál nr. 394 og 393 sem byggja á tilskipunum ESB 2000/43 og 2000/78 enda hefur frá upphafi verið sameiginlega unnið að innleiðingu meginefnis þeirra í íslenskan rétt. Umsögnin er samhljóða þeirri sem áður var gefin þá er mál þessi voru fyrir Alþingi. Það er einlæg von Alþýðusambands Íslands að Alþingi auðnist að klára afgreiðslu þessara tveggja mála nú á vorþingi.

Íslensk stjórnskipan byggir á því að *„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti“.* Þessum frumvörpum er ætlað styrkja raunverulega og góða framkvæmd þessarar stjórnarskrárbundnu meginreglu og Alþýðusamband Íslands fagnar því framlagningu þeirra og hvetur til þess að þau verði samþykkt.

Eins og fram kemur í greinargerð eru þær tilskipanir sem frumvörpin byggja á, ekki hluti þeirra gerða sem innleiða ber skv. EES-samningnum. Noregur lagði hins vegar til á sínum tíma, að þær yrðu viðurkenndar sem hluti af EES samningnum en hin lagatæknilega niðurstaða EFTA-EES ríkjanna varð hins vegar sú að ekki væri skylt að innleiða þær sem hluta EES samningsins.

Þegar á árinu 2003, eða áður en til aðildarviðræðna Íslands að Evrópusambandinu kom, samþykkti ríkisstjórn Íslands að gæta skyldi efnislegs samræmis í íslenskum rétti og þeim rétti er gilti innan Evrópusambandsins á grundvelli framangreindra tilskipana, enda þótt efni gerðanna ætti ekki formlega undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþýðusamband Íslands tók þegar í upphafi þá afstöðu, bæði innan samráðsnefndar um EES og opinberlega, að jafnvel þó sannfærandi lögfræðileg sjónarmið leiddu til þess að ekki þyrfti að gildistaka tilskipanir þessar, þá ætti engu að síður að gera með sérstakri lagasetningu.
Rök sambandsins voru aðallega eftirfarandi:

Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1 • Reykjavík
Sími 525 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

- Öll lönd á EES svæðinu sem við berum okkur saman við hafa sett eða hyggjast setja löggjöf um þetta efni, byggt á tilskipunum ESB.
- Noregur ætlar að uppfylla öll skilyrði þeirra og ríki Evrópusambandsins eru skuldbundin til að gera það og eru sett undir agavald ESB í þeim efnum.
- Tilskipanirnar eru í reynd hluti af reglum á vinnumarkaði Evrópu. Löggjöf hér á landi sem byggði á þeim og með tilvísun til þeirra ætti að tryggja samleitni á vinnumarkaði alls evrópska efnahagssvæðisins.
- Mikilvægt væri fyrir rekstur og þróun EES samningsins og stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni að tilskipanirnar verði hluti af réttindakerfi á íslenskum vinnumarkaði.

Í águst 2004 lagði ASÍ til að lög yrðu sett sem tryggðu nauðsynlegar heimildir til að fylgja markmiðum tilskipananna. Kveðið yrði á um málsmeðferð og sönnun þegar einstaklingar telja að á þeim hafi verið brotið og úrræði sköpuð til að koma í veg fyrir að einstaklingar missi starf sitt eða sé með öðrum hætti refsað fyrir að nýta sér rétt sinn. Kveðið yrði á um söfnun og úrvinnslu upplýsinga er varða markmið og framkvæmd laganna, sett á laggirnar samráð stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka hlutaðeigandi hópa varðandi markmið og framkvæmd laganna og að lokum að bætur og viðurlög skv. þeim væru fullnægjandi.

Þessi stefna var ítrekuð og henni fylgt eftir í þeim starfshópi sem Árni Magnússon, þáverandi félagsmálaráðherra ýtti úr vör síðla árs 2005 (ranglega sagt 2006 í greinargerð) og sem Helgi Hjörvar þáverandi alþingismaður stýrði til lands í lok árs 2008. ASÍ taldi niðurstöður þess starfshóps viðunandi í ljósi þeirra markmiða sem ASÍ lagði upp með og lýsti sérstakri ánægju með þá sátt sem að lokum tókst um niðurstöður.

Síðan þá hefur verið lögð mikil vinna í samningu þeirra frumvarpa sem nú hafa verið lögð fram öðru sinni. Sú vinna hefur alltaf byggt á góðu og nánu samráði og samstarfi stjórnvalda þ.m.t. allra stjórnmálaflokka, aðila vinnumarkaðar og fjölda annarra samtaka. Þegar í árslok 2012 lá fyrir í megindráttum frumvarp til innleiðingar beggja tilskipana hvað vinnumarkaðinn varðar og haustið 2013 lágu bæði frumvörpin fyrir, nánast í sinni endanlegu gerð. Allar breytingar sem á þeim drögum hafa verið gerðar, hafa verið gerðar í víðtæku samráði.

Eins og fyrr segir, byggja bæði frumvörpin á víðtækri samvinnu og samráði. Alþýðusamband Íslands gerir því engar efnislega athugasemdir við einstakar greinar þeirra og hvetur til þess að þau verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Bandalag háskólamanna

Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2018

Efni: Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál og frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 393. og 394. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi BHM til umsagnar frumvörp til laga um um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál og frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 393. mál. Eftirfarandi er sameiginleg umsögn BHM um þessi tvö mál.

BHM hefur verið í nánu samráði um gerð frumvarps um jafna meðferð á vinnumarkaði frá því vinna hófst við það árið 2006. Því miður hefur hins vegar ekki tekist að klára afgreiðslu frumvarpsins þrátt fyrir samráð og samvinnu helstu aðila vinnumarkaðarins í gegnum árin við gerð frumvarpsins. BHM fagnar að frumvarpið hafi verið lagt fram og vonast til að það verði að lögum á yfirstandandi vorþingi. Mikilvægt er að meginmarkmið frumvarpsins um að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði verði innleidd á vinnumarkaði sem allra fyrst. Þá er ekki síður mikilvægt að sömu meginmarkmið sem koma fram í frumvarpi til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og gilda utan vinnumarkaðar verði að lögum.

BHM fagnar framlagningu beggja frumvarpa og telur löngu tímabært að þetta verði að lögum.

F.h. BHM
Erna Guðmundsdóttir
Erna Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri

BSRB

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2018

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði 394. mál og jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 393. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og vísar til fyrri umsagnar sinnar til nefndarinnar fyrir tæplega ári síðan. Þar kemur eftirfarandi fram.

Bandalagið hefur tekið þátt í undirbúningi þessa máls frá 2006 og fagnar framlagningu þess. BSRB hefur í rúmlega áratug lagt mikla áherslu á að svonefndar mismunatilskipanir verði innleiddar með setningu laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna sem byggja tilskipunum 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000, um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi og tilskipun 2000/43/EB frá 29. júní 2000, um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis.

Það er löngu tímabært að Ísland leggi áherslu á jafnrétti í víðari skilningi en eingöngu jafnrétti kynjanna og gangi þannig í takt við alþjóðasamfélagið. Til að tryggja að svo megi verða verður að setja almenna löggjöf um bann við mismunun á grundvelli fleiri ástæðna en eingöngu kyns. BSRB hvetur Alþingi eindregið til að samþykkja frumvörpin.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA
Grettisgötu 89 105 Reykjavík Sími 525 8300 Fax 525 8309 bsrb@bsrb.is www.bsrb.is

Landssamtökin
Þroskahjálp
Mannréttindi fyrir alla!

Velferðarneffnd

9. apríl 2018

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 393. mál.

Landssamtökin Þroskahjálp fagna því að lagt hafi verið fram frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Hér er um mikilvægt mannréttindamál að ræða sem samtökin styðja og telja mikilvægt að fái skjótan framgang.

Samtökin vilja þó benda Alþingi, félags- og jafnréttismálaráðherra og öðrum hlutaðeigandi stjórnvöldum á að vitað er og viðurkennt að fleiri hópar hafa mátt þola og mega enn þola mikla mismunun á öllum sviðum samfélagsins hvarvetna í heiminum. Ísland er engin undantekning frá því. Þeir hópar þurfa því einnig mjög á því að halda að njóta skýrrar verndar fyrir mismunun á öllum sviðum samfélagsins með heildstæðri mismununarlöggjöf. Fatlað fólk er einn þeirra hópa. Í því sambandi vilja Landssamtökin Þroskahjálp sérstaklega benda á eftirfarandi.

Íslenska ríkið skrifaði undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og fullgilti hann 9 árum síðar, þ.e. haustið 2016 og skuldbatt sig þar með til að fara að ákvæðum samningsins og framfylgja þeim í lögum reglum og framkvæmd á öllum þeim sviðum sem hann nær til. Bann við mismunun á grundvelli fötlunar og jöfn tækifæri fatlaðs fólks til jafns við aðra á öllum sviðum samfélagsins er meginþáttur og meginmarkmið samningsins. Þetta er áréttað í mörgum ákvæðum hans. 5. gr. samningsins hefur yfirskriftina *Jafnrétti og bann við mismunun* og hljóðar svo.

1. Aðildarríkin viðurkenna að öll erum við jöfn fyrir lögum og eigum rétt á jafnri vernd og jöfnum hag lögum samkvæmt án nokkurrar mismununar.

2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun á öllum sviðum.

3. Í því skyni að efla jöfnuð og útrýma mismunun skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.

4. Eigi ber að líta á sértækar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram jafnrétti til handa fötluðu fólki í reynd, sem mismunun samkvæmt skilmálum samnings þessa.

Í 4. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina *Almennar meginreglur* segir m.a.:

Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi

vegna fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum verði að veruleika,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,

c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð,

d) að láta hjá líða að aðhafast nokkuð það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,

e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að uppræta mismunun vegna fötlunar sem einstaklingur, stofnun eða einkaaðili gerir sig sekan um ...

Með vísan til framangreindra skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks varðandi vernd gegn mismunun á öllum sviðum samfélagsins og lagasetningar til að tryggja það telur Þroskahjálp að Alþingi og stjórnvöld hljóti að tryggja að fatlað fólk njóti verndar gegn mismunun á öllum sviðum samfélagsins með heildstæðri löggjöf þar að lútandi og / eða með því að taka samninginn í lög með sama hætti og gert hefur verið með samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013.

Að lokum vilja Landssamtökin Þroskahjálp benda á að óhjákvæmilegt er að alvarlegar spurningar vakni varðandi eftirlit með framkvæmd laganna verði frumvarpið samþykkt óbreytt hvað þau ákvæði varðar. Þar er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofu verði falið það eftirlit en ekki verður séð að þær skyldur, heimildir og úrræði sem stofnunin á að hafa til þess sé í nokkru samræmi við þau mikilsverðu mannréttindi sem í húfi eru. Þá getur ekki hjá því farið að það veki verulega athygli og vonbrigði að í frumvarpinu er ekki minnst á stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar sem uppfyllir skilyrði og kröfur sem gerðar eru samkvæmt svonefndum Parísarreglum. Slíkar óháðar stofnanir eru afar mikilvægar til að hafa eftirlit með að stjórnvöld, viðurkenni, verndi og framfylgi mannréttindum í samræmi við lög og fjölþjóðlega mannréttindasamninga sem þau hafa undirgengist og hafa erlendir eftirlitsaðilar margoft bent á að slíka stofnun þurfi að setja upp hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa nú með fullgldingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks tekið á sig þá þjóðréttarlegu skyldu að stofna þannig sjálfstæða mannréttindastofnun hér á landi.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.
Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.

Alþingi 4.1.2018
Málsnr.: 1803170
Málalykill: 0.34.2

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Íslenska ríkið fullgilti samninginn árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja honum með því að tryggja að íslensk lög væru í fullu samræmi við hann.

5. gr.

Jafnrétti og bann við mismunun.

1. Aðildarríkin viðurkenna að allir menn eru jafnir fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum hag lögum samkvæmt án nokkurrar mismununar.

2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og skilvirka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.

*3. Aðildarríkin skulu, í því skyni að stuðla að jöfnuði og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi **viðeigandi aðlögun** til boða.*

*4. Eigi ber að líta á **sértækar ráðstafanir**, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram jafnrétti til handa fötluðu fólki í reynd, sem mismunun samkvæmt skilmálum samnings þessa.*

4. gr.

Almennar skuldbindingar.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum verði að veruleika,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin

...

Skylda til samráðs

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Almennar athugasemdir (e. General Comments) eftirlitsnefndar með samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks varðandi bann við mismunun á grundvelli fötlunar:

http://tbinternet.ohchr.org/_layouts/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRPD/C/GC/6&Lang=en

Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks.

27. gr.

Vinna og starf.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu; í því felst réttur til að fá ráðrúm til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða vinnu sem er þegin á frjálsan hátt á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Aðildarríkin skulu tryggja og stuðla að því að rétturinn til vinnu verði að veruleika, einnig fyrir þá sem verða fatlaðir meðan þeir gegna starfi, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, til að mynda með lagasetningu, til þess meðal annars:

a) að leggja bann við mismunun vegna fötlunar að því er varðar öll mál sem tengjast störfum af hvaða tagi sem er, meðal annars nýliðunar-, ráðningar- og starfsskilyrði, starfsöryggi, starfsframa og öryggi og hollustuhætti á vinnustað,

b) að vernda rétt fatlaðs fólks, til jafns við rétt annarra, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, einnig jafnra tækifæra og launajafnréttis, öryggis og hollustu á vinnustað og til verndar gegn áreitni, og til þess að fá úrlausn kvörtunarmála,

c) að tryggja að fatlað fólk geti nýtt réttindi sín sem meðlimir stéttarfélaga til jafns við aðra,

d) að gera fötluðu fólki kleift að hafa með virkum hætti aðgang að almennri tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfs- og endurmenntun,

e) að skapa atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk og stuðla að starfsframa þess á vinnumarkaði, ásamt því að auka aðstoð við að finna starf, fá það, halda því og fara aftur inn á vinnumarkað,

f) að fjölga tækifærum til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki,

g) að ráða fatlað fólk til starfa innan opinbera geirans,

h) að stuðla að því að fatlað fólk verði ráðið til starfa innan einkageirans með því að marka stefnu við hæfi og gera viðeigandi ráðstafanir sem kunna að felast í áætlunum um sértækar aðgerðir, hvatningu og öðrum aðgerðum,

i) að tryggja að fatlað fólk á vinnustað fái notið viðeigandi aðlögunar,

j) að stuðla að því að fatlað fólk geti aflað sér starfsreynslu á almennum vinnumarkaði,

k) að stuðla að starfstengdri og faglegri endurhæfingu fatlaðs fólks, að því að það haldi störfum sínum og að framgangi áætlana um að það geti snúið aftur til starfa.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé ekki haldið í þrældómi eða ánauð og að því sé veitt vernd, til jafns við aðra, gegn þvingunar- eða nauðungarvinnu

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2018.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, þskj. 550, 393. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

MRSÍ styður frumvarp þetta heils hugar enda er löngu tímabært að sett verði heildstæð löggjöf um bann við mismunun hér á landi. Hafa margir alþjóðlegir eftirlitsaðildar og eftirlitsnefndir, einna síðast Kvennanefnd Sþ og í svokölluðu UPR ferli hjá Sþ, gert athugasemdir við að enga slíka löggjöf skuli hér að finna. Að mati skrifstofunnar hefði þó farið betur á því að sameina mál nr. 393. og 394. og setja eina löggjöf um mismunun sem taki til allra sviða samfélagsins.

Eins og fram er komið styður MRSÍ frumvarp þetta og hvetur til lögleiðingar þess. Skrifstofan vill þó koma eftirfarandi sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri:

1. **Jafnréttisstofa, fjármagn og mannafli.**

MRSÍ gerir ekki athugasemdir við að Jafnréttisstofu verði falið það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Er henni ætlað afar víðtækt hlutverk sem er vel. Í greinargerð með frumvarpinu segir að innan útgjaldaramma Jafnréttisstofu hafi verið gert ráð fyrir kostnaði sem leiði af lögfestingu frumvarpsins. MRSÍ fagnar því en bendir þó á að tryggja þarf sérþekkingu hvað varðar allar mismununarástæður sem og sérþekkingu og skilning hvað varðar fjölþætta mismunun svo tryggja megi að Jafnréttisstofa geti rækt verkefni sín skilmerkilega.

2. **Skaðabætur.**

Í 16. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sá sem með saknæmum og ólögmætum hætti brjóti gegn lögum þessum sé skaðabótaskyldur vegna fjártjóns og miska samkvæmt almennum reglum. Í 17. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um sektir.

MRSÍ veltir fyrir sér hvort framangreind ákvæði endurspegli ákvæði 17. gr. tilskipunar nr. 2000/78/EB, en þar er ekki talað um saknæmi heldur er mælt fyrir um að við innleiðingu tilskipananna verði aðildarríkin að tryggja að brot á innlendri löggjöf gegn mismunun sæti viðurlögum og að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlög við mismunun verði að vera „virk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi"; það er, viðunandi úrlausn fyrir brotaþola sem jafnframt letur geranda og aðra til að beita viðlíka mismunun í framtíðinni. Dæmi um möguleg viðurlög er greiðsla skaðabóta þar sem ekki er heimilt að kveða á um hámarksupphæðir.

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavik - Iceland
Símar/Phone + 354 552 27 20 –
Netfang/ E-mail: info@humanrights.is

Benda má á að í 31. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, segir:

> „Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, bætur vegna miska."

Að mati MRSÍ yrði mun nær 17. gr. tilskipunar nr. 2000/78/EB komis ef samhljóða ákvæði yrði sett inn í frumvarpið í stað núverandi 16. gr. þess.

3. Fjölþætt mismunun

Fjölþætt mismunun á sér stað þegar fólk verður fyrir mismunun á grundvelli fleiri en eins eiginleika; t.d. bæði á grundvelli þjóðernisuppruna og vegna fötlunar. Fjölþætt mismunun er flókið fyrirbrigði þar sem erfitt getur verið að greina á milli einstakra mismununarþátta. Einstaklingurinn fær lakari meðferð vegna þess sem kalla má „neikvæð samlegðaráhrif" ólíkra eiginleika, s.s. vegna kynhneigðar, aldurs, kynþáttar og kynferðis. Hefðbundin jafnréttislöggjöf hefur til þessa ekki tekið ásættanlega á fjölþættri mismunun enda hefur vernd gegn mismunun byggt á því að einstaklingur sem kærir mismunun geri það á grundvelli einnar mismununarástæðu og þá sé unnt að bera stöðu hans saman við annan sem ekki hafi til að bera þau einkenni sem mismununin er talin byggja á. Sjaldnast er gert ráð fyrir samspili fleiri mismununarþátta og er hin hefðbundna krafa um „samanburðartilvik" erfið þegar um fjölþætta mismunun er að ræða. Í ljósi þessa telur MRSÍ afar mikilvægt það er í frumvarpinu greinir um að til þess að taka megi á fjölþættri mismunun sé gert ráð fyrir að byggja megi á tvennum eða fleiri lögum í einu og sama málinu.

4. Mismunun vegna tengsla

Vert er að benda á mismunun vegna tengsla (e. discrimination by association) sbr. mál Evrópudómstólsins Coleman gegn Attridge Law og Steve Law, C-303/06, eða „discrimination by declaration" líkt og fjallað er um í dómi Evrópudómstólsins í Feryn málinu, C—57/07. Hvetur MRSÍ til þess að í umfjöllun um 7. gr. frumvarpsins verði mismununar vegna tengsla getið svo mögulegt verði að beita ákvæðinu um slík mismununartilvik.

5. Kærunefnd jafnréttismála

MRSÍ telur líklegt að málafjöldi kærunefndar jafnréttismála muni aukast verulega frá því sem verið hefur með útvíkkun verksviðs hennar. Reynist svo vera hvetur MRSÍ til þess að haft verði í huga skipa fleiri nefndarmenn eða starfsmenn nefndarinnar, tímabundið eða varanlega.

Aðgengi að kærunefndinni; málsmeðferð fyrir kærunefndinni skal að jafnaði vera skrifleg og er venjan hér á landi að málsmeðferðin sé á íslensku. MRSÍ bendir á að það hafa ekki allir nægilega kunnáttu í íslensku eða ensku, eða getu/hæfni til þess að geta komið frá sér skriflegu erindi til kærunefndar. MRSÍ hvetur því til þess að þessum aðilum verði gert kleift að leita til nefndarinnar án þess að þurfa að kosta til þjónustu túlka- eða skjalaþýðenda, þar sem það gæti orðið þeim verulega íþyngjandi og takmarkað aðgengi þeirra að nefndinni.

MRSÍ gerir ráð fyrir að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála í málum er falla undir gildissvið frumvarpsins verði ópersónugreinanlegir líkt og nú er um úrskurði kærunefndarinnar.

6. Sértækar aðgerðir.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um sértækar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu einstaklinga á þeim sviðum þar sem á þá hallar vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna í því skyni að stuðla að jafnri meðferð. Í

frumvarpi til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði (394. mál) er ekki að finna slíkt ákvæði. Þar sem vinnumarkaður er undanskilinn frumvarpi um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna kemur upp sú kynlega staða að beita má sértækum aðgerðum til að jafna stöðu einstaklinga þar sem á þá hallar, vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna, á öllum sviðum öðrum en á vinnumarkaði. Í því ljósi m.a. vísar MRSÍ til umfjöllunar sinnar um 394. mál hvað varðar sértækar aðgerðir og hvetur til þess að í það frumvarp verði bætt ákvæði þar að lútandi.

7. Staða þeirra sem telja á sér brotið

Lögð er mikil áhersla á það hjá Mannréttindadómstól Evrópu, ESB og Evrópudómstólnum að jafnréttislöggjöf sé virk og að tryggð séu raunveruleg úrræði fyrir þá sem telja á sér brotið. Eitt af því sem nauðsynlegt er til þess að ná því fram er að kveðið verði á um eftirlit í formi virkrar eftirlitsstofnunar ásamt raunhæfum, áhrifaríkum viðurlögum sem hafi forvarnargildi. Ekki verður séð af frumvarpsdrögunum að hugað hafi verið sérstaklega að þessum málum, þ.e. áfram mun kærunefnd jafnréttismála aðeins vera ætlað að kveða upp úrskurði um það hvort brotið hafi verið gegn lögunum og er nefndinni ekki ætluð heimild til að ákveða greiðslu skaðabóta til þess sem mismunað var. MRSÍ telur vert að skoða hvort veita ætti kærunefndinni slíka heimild eða gera þolanda mismununar á annan hátt kleift að leita til dómstóla með kröfu um bætur án þess að þurfa að bera kostnaðinn við málsmeðferðina sjálfur.

Að lokum áréttar MRSÍ að tilskipanir ESB kveða aðeins á um lágmarksréttindi og eru mikilvægur grunnur sem jafnrétti víðast hvar í Evrópu byggist á, en ekkert stendur í vegi fyrir því að aðildarríki setji löggjöf sem veiti einstaklingum ríkari réttarvernd.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavik - Iceland
Símar/Phone + 354 552 27 20 –
Netfang/ E-mail: info@humanrights.is

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 28.03.2018
Tilv. 2018/0265 - 0.0.01
DÓ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna – 393. mál.

Vísað er til tölvubréfs skjalavarðar nefndasviðs skrifstofu Alþingis, dags. 27. mars 2018, þar sem Neytendastofu er gefinn kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 393. mál.

Neytendastofa þakkar tækifærið til að tjá sig um málið og vill vekja athygli á athugasemdum er að neðan greinir. Jafnframt bendir Neytendastofa á að athugasemdir eru þær sömu og þegar málið var fyrst flutt á 146. löggjafarþingi - 436. mál.

Um 5. gr. frumvarpsins

Í 5. gr. frumvarpsins er látið nægja að segja að Jafnréttisstofa annist framkvæmd laganna og skuli 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gilda eftir því sem við getur átt.

Í 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um verkefni og valdheimildir Jafnréttisstofu. Þar er meðal annars kveðið á um heimildir Jafnréttisstofu til þess að leggja dagsektir á fyrirtæki undir ákveðnum kringumstæðum.

Neytendastofa telur að betur fari á að hafa skýrara og nákvæmara ákvæði um valdheimildir Jafnréttisstofu vegna framkvæmdar laganna. Það er til samræmis við sjónarmið um skýrleika refsiheimilda og lögmætisreglu að skýrt sé kveðið á um heimildir stjórnvalda til inngripa í starfsemi fyrirtækja.

Um 11. gr. frumvarpsins

1.

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skuli sjá til þess að auglýsingin sé einstaklingum af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar eða stríði á nokkurn hátt gegn jafnri meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Þá er gert ráð fyrir að óheimilt verði að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi. Ákvæðið á fyrirmynd sína í núgildandi 29. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 en það ákvæði tekur til mismununar í auglýsingum að því er varðar jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Neytendastofa vekur athygli á að stofnunin hefur töluverða reynslu af eftirliti með auglýsingum og markaðssetningu fyrirtækja enda hefur stofnunin til fjölda ára sinnt viðamiklu eftirliti með íslenskum viðskiptaháttum. Í samræmi við framangreint telur Neytendastofa að betur fari á að ákvæði sem lúta að öðrum hagsmunum neytenda en fjárhagslegum verði tekin inn í lög nr. 57/2005 og Neytendastofu falið að hafa eftirlit með þeim líkt og tíðkast á hinum Norðurlöndunum.

Um hugsanlega skörun við ákvæði 15. gr. laga nr. 76/2011, um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Í lögum nr. 76/2011, um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, sem innleiða í íslenskan rétt þjónustutilskipun Evrópusambandsins 2006/123/EB er kveðið á um bann við mismunun viðtakenda þjónustu á grundvelli þjóðernis eða búsetu og þjónustuveitanda er óheimilt að setja í þjónustuskilmála sína skilyrði er mismuna viðtakendum þjónustu á þeim grundvelli. Í undantekningartilvikum er heimilt að setja mismunandi skilyrði fyrir aðgengi að þjónustu ef mismunurinn er rökstuddur með hlutlægum viðmiðum. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laganna annast Neytendastofa aðstoð við viðtakendur þjónustu samkvæmt 16. gr. laganna. Neytendastofa telur að þarna geti hugsanlega verið um skörun að ræða við bannákvæði frumvarpsins um mismunun vegna þjóðernisuppruna.

Neytendastofa bendir á að í frumvarpinu er ekki fjallað um hugsanlega skörun við ákvæði þjónustutilskipunarinnar, hvort eða hvernig slík skörun myndi hafa áhrif á réttindi einstaklinga eða eftirfylgni stjórnvalda með ákvæðunum. Bent er á að þetta gæti verið athugunarefni fyrir ráðuneytið vegna umfjöllunar um frumvarpið í þingnefnd.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri

Daði Ólafsson
Sérfræðingur

Rauði krossinn

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. apríl 2018

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á 148. löggjafarþingi 2017-2018, þingskjal 550 – 393. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi

Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri

Hluti af Alheimshreyfingu Rauða krossins

Icelandic Red Cross
Cruz Roja Islandesa
Croix-Rouge Islandaise

Efstaleiti 9
103 Reykjavík
Iceland

Sími/Tel: (354) 570 4000
Fax: (354) 570 4010

E-Mail: central@redcross.is
Website: www.redcross.is

Rauði krossinn

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

148. löggjafarþing 2017-2018.

Þingskjal nr. 550 – 393. mál.

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi til laga. Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna, hælisleitenda og innflytjenda í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar í samvinnu við Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Rauði krossinn leggur áherslu á málefni innflytjenda. Starf Rauða krossins með þessum hópi lýtur bæði að aðstoð við innflytjendur með sérstökum verkefnum sem hjálpa þeim að fóta sig betur í íslensku samfélagi og eins að því að fá innflytjendur til liðs við Rauða krossinn og taka þannig virkan þátt í stefnumótun félagsins. Þá hefur Rauði krossinn útvegað flóttamönnum stuðningsfjölskyldur sem aðstoða við aðlögun að íslensku samfélag.

Umsögn sína byggir Rauði krossinn á ofangreindu auk grundvallarhugsjóna Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi og sjálfstæði, sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans ásamt áratuga löngu starfi við móttöku flóttamanna og aðstoðar við hælisleitendur.

Almennar athugasemdir

Rauði krossinn á Íslandi fagnar því að fram sé komið frumvarp til laga sem innleiðir ákvæði kynþáttamisréttistilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/43 í íslenskan rétt. Rauði krossinn telur að frumvarpið feli í sér tækifæri til að ganga lengra á ákveðnum sviðum en tilskipunin kveður á um og að breiðari hópi verði veitt réttarvernd, en kynþáttamisréttistilskipunin hefur m.a. verið gagnrýnd fyrir að hún veiti einstaklingum frá ríkjum utan Evrópusambandsins of litla vernd.[1]

Rauði krossinn á Íslandi sendir nú í annað sinn umsögn við frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna en fyrri umsögn félagsins er frá 10. maí 2017. Eftir yfirferð frumvarpsins fær Rauði krossinn ekki annað séð en að frumvarpið sé samhljóða fyrra frumvarpi að öllu leyti nema að nú hefur því verið bætt inn í 6. gr. frumvarpsins að 7. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gilda eftir því sem við á. Er þetta í samræmi við tillögur Rauða krossins í umsögn sinni frá 10. maí 2017. Umsögnin er að mestu leyti samhljóða fyrri umsögn.

[1] Sjá Brown, Christopher, „The Race Directive: Towards Equality for All“. 2002 og Brennan, Fernne, „The Race Directive: Recycling Racial Inequality“. 2002.

Hluti af Alheimshreyfingu Rauða krossins
Icelandic Red Cross
Cruz Roja Islandesa
Croix-Rouge Islandaise
Efstaleiti 9
103 Reykjavík
Iceland
Sími/Tel: (354) 570 4000
Fax: (354) 570 4010
E-Mail: central@redcross.is
Website: www.redcross.is

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins:

I. kafli
Gildissvið, markmið og orðskýringar

1. gr.
Gildissvið

Útvíkkun frá kynþáttamisréttistilskipun: Lagt er til að gildissvið laganna verði víkkað. Lagt er til að lagt verði bann við mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar og tungumáls.

Tungumál: Stór hluti innflytjenda á Íslandi kemur frá Austur-Evrópu. Þeir skera sig ekki úr vegna útlits, klæðaburðar eða trúar heldur einkum og sér í lagi vegna tungumáls. Af þeim sökum telur Rauði krossinn á Íslandi æskilegt að lögin taki sérstaklega fram að óheimilt sé að grundvalla mismunun á tungumáli líkt og gert er í 1. gr. norsku kynþáttajafnréttislaganna.[2]

Trú/trúleysi: Jafnræðisregla 65. gr. stjórnarskrárinnar leggur bann við mismunun á grundvelli trúar. Þrátt fyrir að færa megi rök fyrir því að trúarbrögð eða trúarskoðanir séu hluti af því sem felst í kynþáttahugtakinu þá verður ekki séð að skilgreining alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis gefi afdráttarlaust í skyn að trú sé hluti af hugtakinu. Með vísan til aukinnar áherslu á menningarlegan og trúarlegan mun í umræðu um innflytjendur telur Rauði krossinn nauðsynlegt að leggja skýrt bann við mismunun á grundvelli trúar og trúleysis. Kynþáttamisréttistilskipunin veitir ekki vernd gegn mismunun á grundvelli trúar eða trúarbragða, heldur er sú vernd veitt í atvinnumálatilskipuninni nr. 2000/78/EB en gildissvið þeirrar tilskipunar er mun þrengra en kynþáttamisréttistilskipunarinnar.[3] Lagt er til að gildissvið laganna verði hið sama hvort sem um er að ræða trú eða kynþátt og þannig verði t.d. múslimum af íslenskum uppruna veitt vernd skv. lögunum. Að auki er nauðsynlegt að lagt verði bann við mismunun á grundvelli trúleysis og lífsskoðana. Þessi leið hefur verið farin bæði í norsku kynþáttajafnréttislögunum og sænsku lögunum um almennt bann við mismunun.[4]

Kynþáttamisréttistilskipunin gerir kröfu um að meginreglan um sambærilega meðferð skuli gilda óháð því hvort sá einstaklingur sem verður fyrir mismunun sé raunverulega af öðrum kynþætti eða ekki. Þetta er sérstaklega mikilvægt í tengslum við trú þar sem t.d. einstaklingar frá Mið-Austurlöndum eiga á hættu að verða fyrir mismunun á grundvelli þess að þeir séu múslimatrúar án þess að vera það í raun. Hér er aðalatriðið að sá sem beitir mismunandi meðferð hafi gert það vegna þess að hann áleit að um væri að ræða einstakling af öðrum kynþætti, trú eða þjóðernisuppruna.

3. gr.
Orðskýringar

Lagt er til að hugtakið kynþáttur verði skilgreint í lögunum og við þá skilgreiningu verði notast við skilgreiningu alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis.[5] Hér á landi hefur hugtakið kynþáttur

---

[2] Lov 2005-06-03 nr. 33: Lov om forbud mot diskriminering på grunn av etnisitet, religion mv. (diskrimineringsloven).
[3] Gildissvið tilskipananna er afmarkað í 3 gr. þeirra.
[4] Lag (2003:307) om förbud mot diskriminering
[5] Í 2. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisrétti er kynþáttamisrétti skilgreint á eftirfarandi hátt:

ekki verið skilgreint í lögum. Ástæða þess kann að vera sú að jafnræðisreglan inniheldur ekki tæmandi talningu yfir þá þætti sem óheimilt er að grundvalla mismunun á, enda lýkur upptalningunni á því að segja að mismunun á öðrum grundvelli sé einnig bönnuð. Því hefur nákvæm, afmörkuð skilgreining á því hvað felist í orðinu kynþáttur ef til vill ekki þótt nauðsynleg þar sem mismunun er allt að einu bönnuð á hvaða grundvelli sem er. Þegar sett eru sérlög sem banna mismunun á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna er mikilvægt að skilgreina hvað felst í hugtökunum. Í þjóðarétti og landsrétti margra aðildarríkja Evrópusambandsins er notast við skilgreiningu alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis. Úr þeirri skilgreiningu má lesa víðtæka merkingu orðins kynþáttur og ljóst að hugtakið vísar ekki einungis til líkamlegra þátta heldur einnig til menningarlegra, trúarlegra og sögulegra þátta. Af því leiðir að skilgreiningin gerir ráð fyrir því að kynþáttur feli í sér etnískan uppruna. Þar sem hugtakið etni er ekki notað í almennu máli hér á landi getur notkun á orðinu í löggjöf leitt til óskýrleika. Af þeim sökum er gerð tillaga um að lögin leggi bann við mismunun á grundvelli kynþáttar en að fram komi jafnframt að með því sé ekki verið að viðurkenna kenningar um kynþáttahyggju. Þá er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið kynþátt á þann hátt í lögunum að enginn vafi leiki á að það taki til sögulegra og menningarlegra þátta líkt og virðist vera gengið út frá í skilgreiningu alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis.

Rétt er að geta þess að notkun orðsins kynþáttur (e. *race*) hefur valdið töluverðum deilum milli fræðimanna þar sem sumir þeirra telja að orðið vísi til kynþáttahyggju (e. *racism*) og þeirra kenninga um að einn kynþáttur sé öðrum æðri. Merki um þessar deilur má m.a. sjá í skýringum með norsku jafnréttislögunum en þar segir að ekki verði notast við hugtakið kynþátt (no. *rase*) sem grundvöll fyrir mismunun í lögunum þar sem ekki séu fyrir hendi vísindalegar sannanir sem styðja kenningar um að til séu ólíkir kynþættir. Það sé mikilvægur þáttur í baráttunni gegn kynþáttafordómum að hafna hugmyndum um að skipta megi fólki niður í ólíka kynþætti.[6] Einnig má sjá merki um þessar deilur í sjöundu almennu tilmælum Evrópuráðsnefndar gegn kynþáttafordómum og hatri (ECRI).[7] Þar segir að kynþáttahyggja merki þá sannfæringu að þættir eins og kynþáttur, litarháttur, tungumál, trú, þjóðerni eða þjóðlegur uppruni réttlæti fyrirlitningu á einstaklingum eða hópi einstaklinga eða viðhorf um yfirburði einstaklinga eða hóp einstaklinga.[8] Í neðanmálsgrein er síðan tekið fram að þar sem allar manneskjur tilheyri sömu ættkvísl afneiti ECRI nefndin kenningum sem byggjast á því að til séu mismunandi kynþættir. Hins vegar sé hugtakið kynþáttur notað í þessum leiðbeiningunum til að tryggja að þeir einstaklingar, sem almennt og ranglega skynja að þeir tilheyri öðrum kynþætti, njóti þeirrar verndar sem veitt er í lögunum.[9] Sömu skoðun má sjá í 6. tölulið formála kynþáttamisréttistilskipunarinnar en þar segir að Evrópusambandið hafni kenningum sem gefi í skyn að til séu aðskildir kynþættir. Síðan segir að notkun hugtaksins kynþáttur í tilskipuninni feli ekki á nokkurn hátt í sér viðurkenningu á slíkum kenningum. Þannig virðist sem í tilskipuninni sé gengið út frá

Í samningi þessum merkir „kynþáttamisrétti" hvers kyns aðgreiningu, útilokun, takmörkun eða forgang sem byggður er á kynþætti, litarhætti, ætterni eða þjóðernis- eða þjóðlegum uppruna sem hefur það markmið eða þau áhrif að koma í veg fyrir eða hamla að hægt sé að fá viðurkennd eða geta notið eða framfylgt á jafnræðisgrundvelli, mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála eða öðrum opinberum vettvangi.

[6] *Odelstingsproposisjon* nr. 33 (2004-2005) Om lov om forbud mot diskriminering på grunn av etnistet, religion mv.

[7] Hér eftir verður vísað til ECRI nefndarinnar.

[8] *ECRI General Policy Recommendation N°7: National Legislation to combat racism and racial discrimination.* CRI (2003) 8, 13. desember 2002, bls. 8. Aðgengilegt á heimasíðu ECRI. www.coe.int/ecri.

[9] Sama heimild, bls. 5

því að mannkynið sé ein heildstæð ættkvísl sem samanstandi af mismunandi kynþáttahópum.[10] Kynþáttamisréttistilskipunin inniheldur ekki frekari skilgreiningu á hugtökunum *race* og *ethnic origin*. Af þeim sökum hefur hún verið gagnrýnd fyrir óskýrleika og ósamræmi og því verið haldið fram að þessi óskýrleiki kunni að valda því fórnarlömb mismununar muni eiga í erfiðleikum með að byggja rétt sinn á ákvæðum tilskipunarinnar þar sem ekki sé fyrir hendi skýr og nákvæm skilgreining á hugtökunum. Kynþáttamisréttistilskipunin hefði því orðið áhrifaríkari hefði hún skilgreint hugtökin með nákvæmum og skýrum hætti.[11]

Mörg aðildarríki Evrópusambandsins hafa grundvallað skilgreiningu sína á kynþætti (e. *race*) og etnískum uppruna (e. *ethnic origin*) á skilgreiningu alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis, á hugtakinu kynþáttamisrétti. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur einnig notast við þá skilgreiningu.[12]

5. gr.

Jafnréttisstofa

Með ákvæðinu er Jafnréttisstofu falið að annast framkvæmd laganna og tekið fram að 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gildi eftir því sem við á. Í því ákvæði er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir þeim verkefnum sem Jafnréttisstofu er falið að annast. Rauði krossinn telur að almenn tilvísun þessa frumvarps til 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sé ekki til þess fallið að afmarka hlutverk Jafnréttisstofu nægilega hvað lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna varðar. Lagt er til að hlutverk Jafnréttisstofu við framkvæmd laganna verði skilgreint og afmarkað nánar meðal annars með upptalningu á hvers konar verkefnum stofnuninni er ætlað að sinna til að ná markmiðum laganna. Lagt er til að við þá skilgreiningu verði höfð hliðsjón af ákvæðum 10. og 12. gr. kynþáttamisréttistilskipunarinnar þar sem fjallað er um upplýsingagjöf og samráð við frjáls félagasamtök.

6. gr.

Kæruheimild

Í ákvæðinu er fjallað um kæruheimild aðila samkvæmt lögunum. Þar segir að ákvæði 5. -7. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gildi eftir því sem við getur átt. Í tilgreindum ákvæðum er fjallað um kærunefnd jafnréttismála. Í athugasemdum með 4.-6. gr. frumvarpsins er fjallað með nánari hætti en áður að hvaða leyti framangreindum ákvæðum er ætlað að gilda í tengslum við lög þessi og þá hvaða hlutverk kærunefnd jafnréttismála er ætlað við framkvæmd laganna, er þetta í samræmi við ábendingar Rauða krossins í fyri umsögn frá því í maí 2017.

III. kafli

Bann við mismunun

Nauðsynlegt er að gildissvið laga um bann við mismunun á grundvelli kynþáttar og þjóðernis sé víðtækt. Er það í samræmi við 12. gr. formála kynþáttamisréttistilskipunarinnar þar sem segir að til þess að unnt sé að tryggja þróun lýðræðislegs og umburðarlynds samfélags sem geri öllum kleift að vera virkir

---

[10] Ellis, *EU-Anti Discrimination Law*, bls. 29 -31.

[11] Brennan, Fernne, „The Race Directive: Recycling Racial Inequality“. *Cambridge Yearbook of Legal studies* 2002 (5), bls. 320-324.

[12] Dómur MDE í málinu *Jersild* gegn *Danmörku* frá 23. september 1994. Series A. 298, mgr. 37

þátttakendur, óháð kynþætti eða etnískum uppruna, sé nauðsynlegt
að setja löggjöf sem nær lengra en inn á svið vinnuréttar. Kynþáttamisréttistilskipunin telur með tæmandi hætti upp þau svið sem tilskipunin nær til. Norsku kynþáttajafnréttislögin gilda á öllum sviðum samfélagsins nema í einkalífi.

Slíkt fyrirkomulag er að mörgu leyti ákjósanlegra og fagnar Rauði krossinn á Íslandi því að sú leið hafi verið valin í frumvarpinu. Í III. kafla frumvarpsins er þó sérstaklega fjallað um bann við mismunun í tengslum við ákveðna þætti, þ.e. félagslega vernd (8. gr.), vörukaup og þjónustu (9.gr.) og í skólum og á uppeldisstofnunum (10. gr.). Rauði krossinn leggur til að í athugasemdum við umrædd ákvæði komi fram að ekki megi gagnálykta frá ákvæðunum að gildissvið laganna einskorðist við 8., 9. og 10. gr. heldur gildi lögin á öllum sviðum samfélagsins öðrum en í einkalífi og á vinnumarkaði.

Vernd þriðja manns: Lagt er til að lögin veiti þriðja manni vernd gegn mismunun. Slíkt bann er t.a.m. að finna í 1. mgr. 3. gr. dönsku laganna um jafna meðferð óháð etni.[13] Þar með er þeim sem verða fyrir mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernis eða trúar maka síns, foreldra sinna eða barna sinna veitt réttarvernd.

13. gr.

Vernd gegn órétti

Rauði krossinn gerir athugasemd við óskýrleika 2. mgr. 13. gr. en svo virðist vera sem markmiðið með ákvæðinu sé að kveða á um árs fyrningarfrest á brotum. Gerð er athugasemd við að brotin fyrnist á einu ári, þá er ákvæðið óskýrt. Nauðsynlegt er að skýra merkingu og tilgang ákvæðisins betur og hafa hliðsjón af 3. mgr. 6. gr. laga 10/2008.

Þá er lagt til að þriðji maður njóti einnig verndar og að tryggt verði að þeir sem aðstoða fórnarlömb mismununar á einhvern hátt, t.d. með því að bera vitni eða aðstoða við kærumál, njóti einnig verndar skv. greininni.

IV. Kafli

Viðurlög

Lagt er til að kveðið verði með skýrari hætti á um að 15. gr. laganna um sönnunarbyrði gildi þegar dæmt er um skaðabótaskyldu vegna fjártóns og miska skv. lögunum. Rauði krossinn á Íslandi telur að til þess að lögin nái markmiði sínu verði að tryggja að fórnarlömb mismununar skv. lögunum eigi rétt á skaðabótum og að reglan um skipta sönnunarbyrði gildi við ákvörðun um hvort skaðabótaskylda sé fyrir hendi.

Í 15. gr. kynþáttamisréttistilskipunarinnar er kveðið á um viðurlög við brotum á ákvæðum tilskipunarinnar. Þar segir að viðurlög geti falist í greiðslu bóta til fórnarlamba, slíkar bætur skuli vera áhrifaríkar, í samræmi við brot og til þess fallnar að hafa varnaðaráhrif. Þá er lagt til að ákvæði 17. gr. um sektir verði skýrt frekar. Gerð er tillaga að því að unnt verði að beita fyrirtæki dagsektum verði þau ekki við tilmælum úrskurðarnefndar jafnréttismála, sambærilegt því sem kveðið er á um í 6. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Lokaorð

Rauði krossinn er hér eftir sem hingað til reiðubúinn til frekara samstarfs og samvinnu og eru fulltrúar félagsins tilbúnir til að hitta fulltrúa allsherjar- og menntamálanefndar til að reifa ofangreindar athugasemdir, ábendingar og tillögur félagsins enn frekar.

[13] Lov nr. 374 af 28/05/2003 om etnisk ligebehandling.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reyjavík 15. apríl 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á 148. löggjafarþingi 2017-2018, þingskjal 550 - 393. mál

Samtök kvenna af erlendum uppruna fagna því heilshugar að loksins lagt hafi verið fram frumvarp til laga um jafna meðferð fólks óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Hér er um mikilvægt mannréttindamál að ræða sem samtökin styðja og telja mikilvægt að fái framgang þar sem frumvarp innleiðir ákvæði kynþáttamisréttistilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/43 í íslenskan rétt. Að okkar mati er brýnt að sett verði heildstæð löggjöf um bann við mismunun hér á landi og vel við hæfi í kjölfar af #Metoo byltingu og frásögum kvenna af erlendum uppruna tengd því.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins:

Um 1.gr. frumvarpsins Gildissvið:

Samtök kvenna af erlendum uppruna leggja til að gildissvið laganna verði víkkað út. Lagt er til að bann verði við mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar og tungumáls.

Stór hluti innflytjenda á Íslandi skera sig ekki einungis úr vegna tungumálakunnáttu heldur mæta mismunun vegna tungumála kunnáttu. Þess vegna teljum við nauðsynlegt að að lögin taki sérstaklega fram að óheimilt sé að grundvalla mismunun á tungumáli.

Um 3. gr. frumvarpsins Orðskýringar:

Samtök kvenna af erlendum uppruna leggja til að hugtakið kynþáttur verði skilgreint í lögunum. Við teljum að skilgreiningu alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis [1] ætti að hafa sama gildi hérlendis. Á Íslandi hefur hugtakið kynþáttur aldrei verið skilgreint í lögum.

---

1. Í 2. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisrétti er kynþáttamisrétti skilgreint á eftirfarandi hátt: *Í samningi þessum merkir „kynþáttamisrétti" hvers kyns aðgreiningu, útilokun, takmörkun eða forgang sem byggður er á kynþætti, litarhætti, ætterni eða þjóðernis- eða þjóðlegum uppruna sem hefur það markmið eða þau áhrif að koma í veg fyrir eða hamla að hægt sé að fá viðurkennd eða geta notið eða framfylgt á jafnræðisgrundvelli, mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála eða öðrum opinberum vettvangi.*

Um 5. gr. frumvarpsins Jafnréttisstofa:

í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að "Jafnréttisstofa annist framkvæmd laganna og skuli 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gilda eftir því sem við getur átt." I 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um verkefni og valdheimildir Jafnréttisstofu. Þar er meðal annars kveðið á um heimildir Jafnréttisstofu til þess að leggja dagsektir á fyrirtæki undir ákveðnum kringumstæðum.

Samtök kvenna af erlendum uppruna telur nauðsynlegt er að setja skýrara og nákvæmara ákvæði um valdheimildir Jafnréttisstofu vegna framkvæmdar laganna. Samtök kvenna af erlendum uppruna vill einnig leggja til, upptalningu á hvers konar verkefni stofnuninni er ætlað að sinna til að ná markmiðum laganna.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að innan útgjaldaramma Jafnréttisstofu hafi verið gert ráð fyrir kostnaði sem leiði af lögfestingu frumvarpsins og því ber að fagna á sama tagi teljum við að nauðsynlegt er að tryggja sérþekkingu hvað varðar allar mismununarástæður sem og sérþekkingu og skilning hvað varðar fjölþætta mismunun sérstaklega hvað varðar konur af erlendum uppruna. Við teljum að til þess tryggja að að Jafnréttisstofa geti sinnt framkvæmd laganna til fulls verði jafnréttisstofu tryggt aukið fjármagn og sérþekking.

Um 6. gr. frumvarpsins Kæruheimild:

Í greinagerð með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir aukinni sérþekkingu eða aukningu stöðugilda hjá kærunefnd jafnréttismála. Samtök kvenna af erlendum uppruna telur það afar líklegt að málafjöldi kærunefndar muni aukast verulega einfaldlega vegna útvíkkunar á verksviði hennar. Við viljum hvetja háttvirta þingmenn að hafa í huga að mikilvægt er að skipa fleiri nefndarmenn eða starfsmenn til kærunefndarinnar, tímabundið eða varanlega. 18. gr. frumvarpsins kveður á um að Ráðherra er heimilt að setja ákvæði í reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, er varða starfsemi kærunefndar jafnréttismála eða starfsemi Jafnrétttistofu þegar kemur að eftirliti með lögum þess.

Við viljum einnig réttilega beina athygli fulltrúa allsherjar- og menntamálanefndar á að málsmeðferð fyrir kærunefndinni skal að jafnaði vera skrifleg og er venjan hér á landi að málsmeðferðin sé á íslensku. Mikilvægt er að hafa í huga mismunandi kunnáttu á íslenskri tungu eða ensku, eða getu/hæfni til þess að geta komið frá sér skriflegu erindi til kærunefndar. Mikilvægt er að tryggja að allir sem þurfa að leita til kærunefndarinnar verði gert kleift að leita þar án þess að þurfa að greiða fyrir þjónustu túlka- eða skjalaþýðenda, þar sem það gæti takamarkað aðgengi þeirra til að kæra og þar með skerða réttindi þeirra.

Um 8. - 10. gr. frumvarpsins III. Kafli Bann við mismunun:

Samtök kvenna af erlendum uppruna fagnar því að hvers kyns mismun á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar skuli vera skilgreint og víðtækt. Það samræmist 12. gr. formála kynþáttamisréttistilskipunarinnar þar sem segir að til þess að unnt sé að tryggja þróun lýðræðislegs og umburðarlynds samfélags sem geri öllum kleift að vera virkir

þátttakendur, óháð kynþætti eða etnískum uppruna, sé nauðsynlegt að setja löggjöf sem nær lengra en inn á svið vinnuréttar. Í III. kafla frumvarpsins er þó sérstaklega fjallað um bann við mismunun í tengslum við ákveðna þætti, þ.e. félagslega vernd (8. gr.), vörukaup og þjónustu (9.gr.) og í skólum og á uppeldisstofnunum (10. gr.). Samtök kvenna af erlendum uppruna telur það ekki ákjósanleg að breyta ákvæðunum i frumvarpinu því mikilvægt er að varðveita gildi laganna á öllum sviðum samfélagsins.

Um 16. - 17. gr. frumvarpsins IV. Viðurlög

I16. gr. frumvarpsins fjallar um að sá sem með saknæmum og ólögmætum hætti brjóti gegn lögum þessum sé skaðabótaskyldur vegna fjártjóns og miska samkvæmt almennum reglum. Í 17. gr. frumvarpsins fjallar um sektir.

Að lokum viljum við í Samtökum kvenna af erlendum uppruna varpa ljósi á stöðu þeirra sem telja á sér brotið. Við teljum að frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna mikilvægt skref í rétta átt en það er það okkur skoðun að ekki sé nægilega vel hugað að hvort tryggð séu raunveruleg úrræði fyrir þá sem telja á sér brotið. Við höfum áhyggjur af því hvort Jafnréttistofnun og kæranefnd jafnréttismála hafa burði til þess að sinna hlutverki virkrar eftirlitsstofnunar. Samkvæmt frumvarpi er kærunefnd jafnréttismála aðeins ætlað að kveða upp úrskurði um það hvort brotið hafi verið gegn lögunum og er nefndinni ekki hemilt að ákveða greiðslu skaðabóta. Samtök kvenna af erlendum uppruna telur framvarp til laga vera mikilvægt mannréttindamál og hvetur fulltrúar allsherjar- og menntamálanefndar að skoða stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar. Slík mannréttindastofnun mundi uppfylla kröfur sem gerðar eru til slíkra stofnana í svokölluðum Parísarviðmiðum sem samþykkt voru á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1993. Við teljum mikilvægi þess að sett verði á fót slík sjálfstæð mannréttindastofnun sem hafi það hlutverk að efla og vernda mannréttindi hér á landi samkvæmt stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtök kvenna af erlendum uppruna,

Nichole Leigh Mosty, ráðgjafi innan samtakanna.

Angelique Kelley, formaður.

Umsögn um mál nr. 393 „Jöfn meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna"

13. apríl 2018

Samtökin '78 fagna þessum frumvarpsdrögum og telja það til bóta að setja á heildstæða löggjöf þegar kemur að jafnri meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Þó ber að hafa í huga að lögin ná ekki yfir ákveðna minnihlutahópa sem Samtökin '78 telja nauðsynlegt að séu vernduð fyrir íslenskum lögum rétt eins og þessi frumvarpsdrög vinna að.

Því vilja Samtökin '78 leggja til eftirfarandi breytingar:

<u>Fyrsta grein laganna verði:</u>

Lög þessi gilda um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði.

<u>Önnur grein laganna verði:</u>

Markmið laga þessara er að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði.

<u>Þriðja grein laganna verði:</u>

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. Jöfn meðferð: Þegar einstaklingum er hvorki mismunað beint né óbeint vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna.
2. Bein mismunun: Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar einstaklingur fær, hefur fengið eða mundi fá við sambærilegar aðstæður vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna.

3. Óbein mismunun: Þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur verr við einstaklinga vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna borið saman við aðra einstaklinga nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði eru viðeigandi og nauðsynlegar.
4. Áreitni: Hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna.
5. Sértækar aðgerðir: Sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu einstaklinga á þeim sviðum þar sem á þá hallar, utan vinnumarkaðar, vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna í því skyni að stuðla að jafnri meðferð.
6. Kynhneigð: Geta einstaklings til að laðast að eða verða ástfanginn af öðrum einstaklingi.
7. Kynvitund: Upplifun einstaklings af eigin kyni.
8. Kyneinkenni: Litningar, kynkirtlar og líffærafræðileg sérkenni manneskju.
9. Kyntjáning: Dagsdagleg tjáning einstaklings á kynvitund sinni.

Hér er haldið í orðskýringar í frumvarpsdrögum fyrir 394. mál.

<u>Sjöunda grein laganna verði:</u>

Hvers kyns mismunun á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, hvort heldur bein eða óbein, vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar er óheimil, sbr. einnig lög um jafna meðferð á vinnumarkaði. Fyrirmæli um mismunun vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar teljast einnig mismunun samkvæmt lögum þessum sem og áreitni þegar hún tengist kynþætti, þjóðernisuppruna, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Ákvæði í samningi sem fela í sér mismunun vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar eru ógild.

<u>Áttunda grein laganna verði:</u>

Hvers kyns mismunun vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar í tengslum við heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu er óheimil. Hið sama gildir um mismunun í tengslum við aðgang að almannatryggingakerfinu og öðrum félagslegum kerfum, svo sem atvinnuleysistryggingakerfinu og fæðingarorlofskerfinu.

<u>Níunda grein laganna verði:</u>

Hvers kyns mismunun vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar í tengslum við aðgang að eða afhendingu á vöru er óheimil. Hið sama gildir um þjónustu og aðgang að þjónustu og jafnframt um húsnæði sem er í boði fyrir almenning. Ákvæði þetta gildir þó ekki um viðskipti á sviði einka- og fjölskyldulífs.

Tíunda grein laganna verði:

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers kyns mismunun vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi, kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að ekki sé mismunað á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar og þau séu einstaklingum af tilteknum kynþætti, þjóðernisuppruna, kynhneigð, kynvitund, eða vegna kyneinkenna eða kyntjáningar þeirra, ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar.

Ellefta grein laganna verði:

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skulu sjá til þess að auglýsingin sé einstaklingum af tilteknum kynþætti, þjóðernisuppruna, kynhneigð, kynvitund, eða vegna kyneinkenna eða kyntjáningar þeirra, ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar eða stríði á nokkurn hátt gegn jafnri meðferð óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Óheimilt er að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.

Þrettánda grein laganna verði:

Óheimilt er að láta einstaklinga gjalda þess að kvartað hafi verið undan eða kærð mismunun vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar eða krafist leiðréttingar á grundvelli laga þessara.

Eigi ætlað brot skv. 1. mgr. sér stað meira en einu ári eftir að kvörtun, kæra eða krafa um leiðréttingu kom fram á grundvelli laga þessara verður þó ekki litið svo á að um brot skv. 1. mgr. hafi verið að ræða.

Fimmtánda grein laganna verði:

Ef leiddar eru líkur að því að mismunun samkvæmt ákvæðum laga þessara hafi átt sér stað skal sá sem talinn er hafa mismunað sýna fram á að ástæður þær sem lágu til grundvallar meðferðinni tengist ekki kynþætti, þjóðernisuppruna, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Með þessum breytingum er fleiri einstaklingum veitt vernd fyrir lögum. Í tillögum Samtakanna ‘78 nær frumvarpið þar með ekki einungis yfir jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur fellur hinsegin fólk einnig þar undir. Samtökunum ‘78 þykir eðlilegt að frumvarp sem þetta hafi breiðari skírskotun en áætlað hefur verið og nái lengra en til kynþáttar og þjóðernisuppruna. Hinsegin fólk er jaðarsettur hópur sem gjarnan mætir fordómum og sem tryggja verður lagalega vernd.

Tillögur Samtakanna ‘78 eru jafnframt í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þar stendur:

Ríkisstjórnin vill koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks með metnaðarfullri löggjöf um kynrænt sjálfræði í samræmi við nýútkomin tilmæli Evrópuráðsins vegna mannréttinda intersex-fólks. Í þeim lögum yrði kveðið á um að einstaklingar megi sjálfir ákveða kyn sitt, kynvitund þeirra njóti viðurkenningar, einstaklingar njóti líkamlegrar friðhelgi og jafnréttis fyrir lögum óháð kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu.

Með ofangreindum breytingum Samtakanna ‘78 kæmist ríkisstjórnin nær því að uppfylla stjórnarsáttmála sinn.

Virðingarfyllst,

Daníel E. Arnarsson
Framkvæmdastjóri Samtakanna ’78

Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Ritari Samtakanna ‘78